



Reykjavík, 8. apríl 2026

MIR25080006

TILLAGA

Tillaga um hagræðingaraðgerðir

Lagt er til að ráðist verði í viðbótarhagræðingu á fjórum kostnaðarliðum í fjárhagsáætlun menningar- og íþróttasviðs sem nemur 35,9 m.kr. til að fjármagna tillögur samstarfsflokka um sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema, endurreisn úrbótasjóðs tónleikastaða, og lengri opnunartíma sundlauga í sumar. Nánari útlitun hagræðingarinnar er sem hér segir:

1. Leiga á hjólhýsastæði, hækkun á gjaldskrá frá og með 1. júní n.k. úr 30.000 kr. á mánuði í 45.000 kr. á mánuði þannig að útlagður kostnaður sviðsins standi undir þeim kostnaði sem sviðið ber af þessum rekstri. Tekjur vegna þessarar tillögu eru um 2,5 m.kr.
2. Styrktarpottur íþróttar. Ekki náðist að úthluta öllum pottinum fyrir árið 2026, lagt er til að nýta eftirstöðvornar eða um 3,4 m. kr. í þessa hagræðingu.
3. Lagt er til að fækka stöðugildum í menningarborginni frá og með 1 júní n.k. Áætluð hagræðing er um 15 m.kr
4. Lagt er til að fækka stöðugildum í Hinu Húsinu frá og með 1 júní n.k. Áætluð hagræðing er um 15 m.kr.

Samtals: 35,9 m. kr.

Greinargerð:

Til að standa straum af kostnaði við fjármögnun þriggja tillagna menningar- og íþróttaráðs að fjárhæð 35,5 mkr. verður hagrætt í fjórum verkefnum á sviðinu. Þegar eru til 3,4 m.kr. í styrktarpotti, hagrætt verður í launakostnaði á sviðinu um 30 m. kr með fækkun stöðugilda hjá menningarborg og Hinu húsinu og leiga fyrir hjólhýsastæði verður hækkuð til móts við raunkostnað, en í dag greiðir sviðið 15.000 kr. á mánuði með hverju stæði.